

Reykjavík 5. október 2023

Efni:

Umsögn LEB - Landssambands eldri borgara, um frumvarp til laga um fjárlög 2024, mál 1.

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr. skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þar um skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs“.

Á bls. 143 Verðlagsforsendur útgjalda/ launaforsendur er farið yfir launaþróun 2023:

„ Á síðasta ári voru gerðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði þar sem að laun hækkuðu almennt um 6,75 %, - þó ekki minna en 35 þús. kr. og ekki meira en 66. þús. kr. Á yfirstandandi ári hefur verið samið við nánast öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna á sambærilegum forsendum og nemur meðalhækkun ríkisstarfsmanna á árs grundvelli um 7,3%“

Um síðustu áramót hækkaði lífeyri almannatrygginga um 21.210 kr. og aftur 1. júlí um 7.696 kr. samtals 28.906 kr. Inni þessari tölu er leiðrétting vegna vanefnda 2022 og fyrirheit um 0.5% kaupmáttarauka samanber fjárlög 2023 (bls. 136 /Verðlagsforsendur Launaforsendur/ Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga) . Til að halda við launaþróun og lágmarkshækkun kauptaxta á almennum vinnumarkaði vantar 6.094. kr. Vegna þess hvað grunntala almannatrygginga er lág, skilar prósentutala mun lakari niðurstöðu en hækkun launataxta og ekki síst þegar um krónutöluhækkun launa er að ræða.

Um síðustu áramót hækkaði lífeyri almannatrygginga um 21.210 kr. og aftur 1. júlí um 7.696 kr. samtals 28.906 kr. sem jafngildir 10,3%. Inni þessari tölu er leiðrétting vegna vanefnda 2022 og fyrirheit um 0.5% kaupmáttarauka samanber fjárlög 2023 (bls. 136 / Verðlagsforsendur Launaforsendur/ Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga). Til að halda við launaþróun og lágmarks hækkun kauptaxta á almennum vinnumarkaði vantar 6.094. kr. Vegna þess hvað grunntala almannatrygginga er lá skilar prósentutala mun lakari niðurstöðu en hækkun launataxta og ekki síst þegar um krónutölu hækkun launa er að ræða.

Slóðinn

Launavísitala verkafólks hækkar líklega um 11% milli 2022 og 2023. Leiðréttingar og lagfæringar á grunntölu almannatrygginga í fjárlagafrumvarpi eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða að færa leiðréttu grunntölu síðasta árs hafi hún verið vanáætluð með hliðsjón af ákvæðum almannatryggingalaga. Þessa leiðréttingu mætti kalla slóðann. Hins vegar er um að ræða áætlun um hækkun vegna launa og verðlagsþróun frá þeim tíma sem áætlunin er gerð

**LEB**

Landssamband eldri borgara

og til meðaltals sem gildir fyrir fjárlagaárið. Hafi launa- og verðlagsþróun verið vanmetin í síðustu fjárlögum um segjum 2% þarf fyrst að taka tillit til þess. Sé síðan gert ráð fyrir að verðlag hækki um 4,6% og kaupmáttur ráðstöfunartekna um 2,8% þarf verður heildarhækkun skv. fyrirmælum almannatryggingarlaga gefin sem $1,02 * 1,046 * 1,028 = 9,7\%$.

Síðast liðin tvö ár hefur verið reynt að minnka slóðann með því að hækka grunntölu almannatrygginga á miðju ári. Engu að síður er það svo að þegar verðbólga er komin vel fram úr verðbólguþröngun Seðlabankans stækkar slóðinn vegna mismunar á meðalverðlagi ársins og meðalupphæð grunntölunnar reiknaðri á ársgrundvelli.

Eftir hækkunina 1. júlí sl. er lífeyri frá almannatryggingum 315.525 kr. Miðgildi lífeyris frá lífeyrissjóðum 227.000 kr. sem skerðir lífeyri frá almannatryggingum um 90.500 kr.

Samanlagður lífeyri er kr. 450.500 kr. Ráðstöfunartekjur 365.849 kr. Í dag taka um 43.000 manns ellilífeyri frá almannatryggingum. 21.500 manns er því með ráðstöfunartekjur kr. 365.849 eða lægra.

Framlög miklu lægri en á hinum Norðurlöndunum

Ef horft er til upplýsinga í Tekjusögu og tekið mið af fimmtu tekjutíund árið 2021, (ekki til nýrri uppfærsla) eru sameiginlegar ráðstöfunartekjur hjóna og sambýlisfólks 654.338 kr., einstæður karl 317.703 kr. og einstæð kona 316.047 kr.

Opinber útgjöld á Íslandi vegna ellilífeyris eru tæplega 3% af þjóðarframleiðslu á meðan þjóð eins og Danir sem eru með hlífðstætt lífeyriskerfi, ver um 8% af þjóðarframleiðslu til greiðslu ellilífeyris. Sérstað Íslands meðal Norðurlandana er algjör.

Ríkið er stærsti lífeyrisþeginn

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild aukist um 3.171 mkr. til að mæta áætlaðri lýðfræðilegri fjölgun fólks. Á sama tíma er gert ráð fyrir lækkun um 4.600 mkr. vegna aukinna tekna ellilífeyrisþega á undanförunum árum. Heildarfjárheimildin til málaflokksins fyrir árið 2024 lækkar um 1.429 mkr. Þrátt fyrir aukin útgjöld vegna lýðfræðilegrar fjölgun fólks. Þessi niðurstaða endurspeglar þá staðreynd að ríkið er stærsti lífeyrisþeginn og hvernig ríkið beitir skerðingum til að ná til sín megin hluta hækkandi greiðslna frá lífeyrissjóðum sem eru til komin vegna aukinna réttinda.

Eiga lífeyrisþegar að greiða kostnað vegna fjölgunar?

Hér er því gert ráð fyrir að ellilífeyrisþegar greiði sjálfir aukinn kostnað vegna lýðfræðilegrar fjölgunar.

Þessu mótmælir LEB og telur að aukið svigrúm sem skapast vegna aukinna réttinda í lífeyrissjóðum eigi fyrst og fremst að nýta til að bæta kjör sjóðsfélaga. Skapist svigrúm vegna hærri tekna lífeyristaka, krefst LEB þess að það verði notað til að draga úr skerðingum í kerfinu með áherslu á að bæti stöðu þeirra verst settu.

Fjárlaga frumvarpið fyrir 2024 er sjöunda fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Þrátt fyrir fyrirheit um að bæta eigi stöðu lífeyristaka og sérstaklega þeirra sem verst eru settir, er engin viðleitni í þá átt í frumvarpinu.

Beitum skattkerfinu fyrir þau verst settu

Það er stór hópur eldra fólks sem býr við erfið kjör m.a. vegna þess að það hefur að baki takmarkaða atvinnuþátttöku og lág laun. Kjör þeirra verða ekki leiðrétt nema með sértækum aðgerðum. Til þess þarf að beita skattkerfinu, draga úr skerðingum og taka upp uppbót á lífeyri. LEB lýsir yfir miklum vonbrigðum með að engin slík áform eru í fjárlagafrumvarpinu og því ljóst að fátækt fólk þarf áfram að bíða eftir réttlætinu.

Engar ráðstafanir vegna verðbólgu

Óðaverðbólga hefur verið allt árið 2023 og náði hámarki í febrúar s.l., -10.19% en mældist 7,9% í ágúst. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að verðbólga á næsta ári verði 4,9%. Mikil verðbólga og gríðarleg hækkun á nauðsynjavörum hefur farið illa með fjárhag efnalítils fólks sem sífellt á í meiri erfiðleikum með að ná endum saman. Ekkert er í fjárlagafrumvarpinu sem gefur þessu fólki von um betri tíð. Það eru LEB mikil vonbrigði.

Það blasir við að lífeyrir og heildartekjur eftirlaunafólks eru óeðlilega lágar á Íslandi í dag. Það er mest vegna ofurskerðinga í almannatryggingakerfinu. Til að bregðast við þessu þarf að hækka frítekjumark gagnvart lífeyri frá lífeyrissjóðum enda kemur það sér best fyrir þá sem verst eru settir. Hækkun frítekjumarks úr 25.000 kr. í 100.000 kr. er fyrsta skrefið sem nauðsynlegt er að taka. Æskilegt er að frítekjumörk séu verðtryggð svo þau haldi verðgildi sínu.

**LEB**

Landssamband eldri borgara

Hvað um ákvæði stjórnarsáttmálans?

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru fyrirheit um að vinna eigi að því að draga úr jaðarhrifum skatta og skerðinga lífeyrisþega. Þeir sem taka lífeyri frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum eru með jaðarskatta á milli 70 og 80%. Engir aðrir þjóðfélagshópar búa við slík afarkjör af hálfu stjórnvalda. Engin fyrirheit eru í fjárlagafrumvarpinu um að efna eigi þessi fyrirheit.

Það eru LEB mikil vonbrigði.

Í frumvarpinu er bls. 327 er fjallað um helstu verkefni 2024 sem snúa að eldra fólki. Markmiðin eru að vinna úr tillögum stafshóps sem settur var á laggirnar af hálfu þriggja ráðuneyta. LEB á ekki aðild að þessum starfshópi og hefur enga vitneskju um hvaða tillögur eða aðgerðir verða lagðar til af hálfu hópsins. Það vekur hins vegar athygli að ekki er gert ráð fyrir að fjármunir fylgi aðgerðum hópsins.

Vandinn hverfur ekkert

Hjúkrunheimili eru mikilvægar stofnanir fyrir eldra fólk sem hefur misst hæfni til að sjá um sig sjálf. Með sífelld hærrí lífaldri verða fleiri sem þurfa á þjónustu hjúkrunarheimila að halda. Spáð er mikilli fjölgum þeirra sem veikjast af heilahrörnun og þurfa á sérhæfðri þjónustu að halda. Uppbygging hjúkrunarheimila hefur ekki fylgt þessari þróun og viðvarandi skortur er á rýmum. Eins og staðan er núna er ekkert sem bendir til að lausn sé á næsta leiti og því fyrirséð að veikt eldra fólk mun áfram þurfa að bíða eftir þessari þjónustu. Öll áform um breytingar á þessu ástandi, - m.a. um byggingu nýrra hjúkrunarheimila, eru vægast sagt mjög óljósar í fjárlaga frumvarpinu.

Þessi þróun er sem óveðursský yfir kjörum eldra fólks.

Eldra fólk er ekki baggi á þjóðfélaginu

LEB leggur mikla áherslu á að sköpuð sé skilyrði fyrir alla, en ekki bara suma, að það sé gott að eldast. Það hefur lengi legið fyrir að fjöldi eldra fólks myndi aukast og bregðast þyrfti við því m.a. með aukinni fjölbættri þjónustu sem hefði það að markmiði að skapa eldra fólki möguleika að búa sem lengst í sjálfstæðri búsetu. Þegar henni lyki tæki við góð og örugg þjónusta sem gæfi öllum tæki færi á að lifa með reisn.

Verði ekki brugðist hratt við og bætt verulega í uppbyggingu hjúkrunarheimila eru miklar líkur á að útskriftarvandi á núverandi Landsspítala muni flytjast yfir á nýja spítala.



LEB

Landssamband eldri borgara

Engin fyrirheit í fjárlagafrumvarpinu

Það skortir á heildarsýn í málefnum eldra fólks og uppi er togstreita á milli aðila um hver á að gera hvað, sem bitnar á eldra fólki og kemur í veg fyrir markvissa uppbyggingu. Það er mikilvægt að hafa í huga að eldra fólk er ekki fjárhagslegur baggi á samfélaginu heldur leggur eldra fólk meira til samfélagsins en kostnaður sem til fellur við þá þjónustu sem því er veitt.

Landssamtök eldri borgara lýsir miklu vonbrigðum með að fjárlaga frumvarp fyrir árið 2024 gefur engin fyrirheit um betri tíð fyrir eldra fólk.

f. h. LEB – Landssamband eldri borgara

Helgi Pétursson formaður LEB